

## STARFSSKYRSLA

Sigurðar Jónassonar, Laugarbrekku árið 1950.

Girðingar. Viðhald girðinga var heldur með minnamóti á árinu. Þó varð að strengja upp að mestu vestur- og austurarm á heykjarhólsgirðingu. Höfðu hliðstaurar skekkst og gengið upp, auk þess hafði hún orðið fyrir nokkuri ániðslu um veturinn af völdum snjóa og útigangshrossa.

Aðrar skógræktargirðingar í Skagafirði urðu ekki fyrir tilfínnanlegum skemmdum, enda mátti veturinn teljast snjóléttur. Nokkuð bar þó á því, að hross nöguðu tréstauro og spiltu girðingum á þann hátt. Það virðist orðið augljóst mál, að í skógræktargirðingar beri eingöngu að nota járnstauro, að minsta kosti í útigangssveitum.

Viðhald á öllum skógræktargirðingum í héraðinu, að undantekinni Reykjarhólsgirðingu, önnuðust landráðendur.

Í Skagafirði var aðeins 1 ný skógræktargirðing reist á árinu, í Sauðárgilinu sunnanvert við Sauðárkrók. Er hún 470 m. Gaddavírsgirðing, 6 strengd, með tréstaurom. Kostuð af Skógræktardeild Sauðárkróks.

Réði ég vali á landinu og annaðist framhvæmd verksins.

Skógræktarfélag Skagfirðinga hefur í hyggju að setja upp skógræktargirðingu í Hegranesi á næsta vori. Einnig hefur Varmahlíðarfélagið áhveðið land til skógræktar, austanhalt í Reykjarhólnum, og verður það vntanlega girt n í vor.

Á Gauksmýri í V-Húnavatnssýslu var sett upp skógræktargirðing á vegum Skógræktar Ríkisins. Valið var land í túnfætinum að vestan, tunmói og mýrarjaðar. Girðingin er 6 þætt, með járnstaurom, lengd 570 m.

Græðireiturinn. Í vor var sent út úr græðireitnum í Laugarbrekku

Afrit.

TRJAPLÖNTUR

Sendar út frá Laugarbrekku vorðð 1950.

	Birki	Verð eining	Fura	Verð eining	Kr.	
Skógrækt Ríkisins, Reykjavík	10000					
Barkarst. Hún.	775					
Gauksmýri.....	460		55			
Reykjarhólsgirðing .....	4000		4000			
Blönduós, Hún. ....	650	0/60	150	0/50	465	9
Vatnsdal? "			1000	"	500	00
Bólstaðahlíð, .....	500	"	100	"	530	00
Geitaskarð .....	700	"	200	"	520	00
Skagaströnd .....	250	"	250	"	275	00
Seyludeild Skag. ....	1000	"	1000	"	1100	00
Staðardeild.....	500	"	600	"	600	00
Reynistaður.....	500	"	500	"	550	00
Sauðárkrókur.....			1300	"	650	00
Hegranes.....	170	"	1000	"	602	00
Hólar.....	500	"	500	"	550	00
Hjaltadalsdeil.....	750	"			450	00
Kvenf. Akrahr. ....	70	"			42	00
Akrahreppsd.....	500	0/30			150	00
Löngumýri .....	500	0/60	500	"	550	00
Hátún.....	50	"			30	00
Vinnulaun til skólabarna.....	500					
	22675		11135	kr.	7564	00

22675 st. birkiplöntur, 2ja og 3ja ára. Auk þess var dreift út þaðan 11135 furuplöntum, sem sendar voru frá Noregi, og 3000 birkiplöntum frá Skógráktarfélagi Skagfirðinga. Samtals 36810 st.

Af þessum plöntum voru 10000 st. birki sent til Reykjavíkur, hitt var gróðursett í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslum. (Sjá meðfylgandi skrá yfir trjáplöntur, sendar út frá Laugarbrekku)

Dreifsett (prikklað) var 3000 st. Skógarfura og 1000 st. Búskfura frá Noregi. Auk þess var dreifsett 600 st. Sitkagreni, 3ja ára, uppalið, í græðireitnum.

Vert er að geta þess, að Búskfuran var mjög illa farin eftir flutninginn og urðu því nokkur vanhöld í henni.

Sáning. Vorsáningin fór fram dagana 6-10. júní, en haustsáning 20. ágst. Sáð var alls í 250 fm. fræbeð. Þar af ný beð 190 fm. Eru þau austan við skógarvarðarbústaðinn. Eldribeð, 60 fm., í reit Skógráktarfélagsins sunnan við skógarvarðarbústaðinn.

Sáð var þessum tegundum: Birkifræ í 150 fm. Framagn 7 kg., Furufræ í 35 fm. Framagn ~~æxxx~~ 0,400 kg. Rauðgrenifræ 30 fm. Framagn 0,400 kg. Lerkifræ 15 fm. Framagn 1/2 kg.

Haustsáning. Reyniber í 20 fm. Framagn 3 kg.

Aburður. Í fræbeðin var borinn húsdýraáburður, sauðatað og kúamikja til helminga, og tilbúinn áburður.

Áburðarmagn per. 100 fm. 500 kg. húsdýraáburður, 4 kg. kalksalp, 3 kg. trífosfat og 3 kg. kalí.

Vöxtur í fræbeðunum ofl. Vorið var kalt og stormasamt, varð því spír-un fremur léleg í fræbeðunum og vöxtur hægfara í sumar, enda var sumarið með afbrigðum óhagstætt.

Í græðireitnum stóð eftir í sumar ca. 25.000 st. af 2ja ára birki

og verður því dreift út næsta vor. Þessum plöntum fór vel fram í sumar og voru þær í haust upp í 50 cm. á hæð í bestu beðunum.

Éngan tilbúinn áburð fengu þær en lítilsháttar húsdýraáburð uppleystan í vatni.

Laufgun byrjaði í vor með júní, og lauffall hófst í haust 25. sept. og var því að mestu lokið 20. okt.

Í vor var herfað á annað sinn 6.000 fm. lands í Reykjarhóls-girðingu. Verður nokkuð af því tekið undir frabeð í vor.

Sáning í útjörð. Á Hólum í Hjaltadal var sáð í útjörð lítilsháttar af furu- og grenifræi, ca. 100 gr. af hvorri tegund. Í Viðvík var sáð frabeð, 20 fm. furu og grenifr. Fræmagn 200 gr.

Ferðalög. Á árinu hafði ég nokkur ferðalög, mest vegna flutnings á trjáplöntum, leiðbeininga og eftirlits með skógarreitum.

Við dreifingu trjáplantna hefi ég jafnan það fyrirkomulag, að ég flýtt þar sjálfur til kaupendanna og leiðbeini við gróðursetningu eftir föngum.

8. Febrúar fór ég að Hólum í Hjaltadal og flutti þar erindi um skógrækt.

Um miðjan febrúar fór ég til Reykjavíkur og var þar í 1/2 mán. á skógræktarnámskeiði hjá Skógræktarstjóra.

13. Marz var ég við stofnun skógræktardeildar í Staðarhr.

5. Apríl flutti ég erindi um skógrækt í Löngumýrarskóla.

8. Apríl var ég við stofnun skógræktardeildar í Hegrnesi.

22. Apríl fór ég að Hólum og mætti á stofnfundi skógræktardeildar Hjaltdælinga.

19. Maí fór ég fram í Bjarnastaðarhlið að velja land til skógræktar, með hliðsjón af sáningu í útjörð.

aði til við gróðursetningu.

10. Júní flutti ég trjáplöntur að Mel í Staðarhreppi, fór síðan til Sauðárkróks og upp í Skógarhlið að velja land til skógræktar. Álitlegast þótti mér landið upp með Sauðárgilinu, sunnan kaupsins, og mældi þar fyrir girðingunni.

11. Júní flutti ég trjáplöntur á Hegrænes og hjálpaði til við gróðursetningu þar.

12. Flutti ég plöntur til Sauðárkróks og voru þar gróðursettar í nýju girðingunni við Sauðá. Jafnframt var þar gróðursett nokkuð af birki frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga.

13-14. Júní flutti ég plöntur á allmarga bæi í Hjaltadal og leiðbeindi við gróðursetningu. Í þeirri ferð sáði ég trjáfræi í útjörð á Hólum og leit eftir skógræktargirðingum í Viðvíkursveit. Í Viðvík sáði ég í fræbeð.

15. Júní fór ég eftirlitsferð að að Skörðugili, Melsgili og Reynistað. Vegna þráláttra þurka athugaði ég aðstöðu til að vökva ný-gróðursettu plönturnar. En þar sem vökvun varð ekki við komið reitti ég lauf af þeim plöntum, sem ég taldi í mestri hættu.

18. Júní fór ég að Ökrum í Blönduhlið, flutti plöntur til kvenfélagsins og vann þar við gróðursetningu. Um kvöldið kom ég við á Flugumýri og leiðbeindi með skipulagningu á skruðgarði heima við húsið.

19. Júní flutti ég plöntur að Löngumýri, þar hafði ég fyr um vorið gróðursett allmikið af víðistíkingum og voru þeir flestir sprungnir út.

22.- 25. Júní fór ég með trjáplöntur vestur í Vestur-Húnavatnssýslu

að Barkarstöðum og Gauksmýri. Sá um uppsetningu á skógræktargirðingu á Gauksmýri og vann við gróðursetningu á báðum stöðunum.

26. Júní fór ég eftirlitsferð að Hofi á Höfðaströnd.

29. Júní fór ég til Reykjavíkur og Þingvalla og sat aðalfund Skógræktarfélagss Íslands. Kom heim úr þeirri ferð 6. Júlí.

8. -9. Júlí fór ég til eftirlits og leiðbeininga um Fljót, Sléttu hlið og Hjaltadal. Áhveðið var að stofna 2 skógræktardeildir í Fljótun en ekki var hægt að ganga frá deildastofnin í það sinn.. Í þeirri ferð kom ég við í Stýfluhólum og leist mér þar sémilega vel á land til skógræktar.

10.-11. Júlí flutti ég trjáplöntur til Skagastrandar.

28. Júlí fór ég eftirlitsferð að Svaðastöðum, Vöglum og Silfrastöðum.

19.-20. Agúst fór ég austur að Vöglum í Fújóskadal. Tilgangur ferðarinnar var að kynna starfsháttum við uppeldisstöðina þar.

21. Sept. fór ég að Flatartungu og sagði fyrir um tilfærslu á trjáplöntum í litlum reit heima við ~~háxiá~~ íbúðarhúsið. Verða trén flutt sént í vetur.

23.-26. Nóv. fór ég norður að Grund í Eyjafirði og vann þar ~~xíggxíggjunn~~ við grisjun í trjáreitnum.

Laugarbrekku, 2. jan. 1951.

*Sigurður Þórnasson*

TRJAPLÖNTUR

PLÖNTUR SENDAR ÚT FRÁ LAUGABREKKU VORIÐ 1950.

	Birki	verð	Fura	verð	SAMTALS kr.
Skógrækt ríkisins, R.vík	10000				
Barkastöðum, Hún.....	775				
Gauksmýri, Hún.....	460		35		
Reykjarhólsgr., Skagaf...	4000		4000		
Blönduós, Hún.....	650	o/6o	150	o/5o	465.-
Vatnsdal, Hún.....			1000	-	500.-
Bólstaðahlíð, Hún.....	800	-	100	-	530.-
Geitaskarð, Hún.....	700	-	200	-	520.-
Skagaströnd, Hún.....	250	-	250	-	275.-
Seyludeild, Skag.....	1000	-	1000	-	1.100.-
Staðardeild, Skag.....	500	-	600	-	600.-
Reynistaður, Skag.....	500	-	500	-	550.-
Sauðárkrókur, Skag.....			1300	-	650.-
Hegranes, Skag.....	170	-	1000	-	602.-
Hólar, Skag.....	500	-	500	-	550.-
Hjaltadalsdeild, Skag...	750	-			450.-
Kvenfélag Akrahrepps....	70	-			42.-
Laungumýri, Skag.....	500	-	500	-	550.-
Hátún, Skag.....	50	-			30.-
Vinnulaun til skólabarna	(500)				
Til skólabarna í Akra- hreppi (smábirki)	500	o/3o			150.-
Samtals	22675		11135		7.564.-

Laugabrekku 2. jan. 1951.

Sigurður Jónasson

(sign.)